

# REGLUR

## um útflutningssjóð íslenskrar tónlistar.

1. gr.

### Hlutverk

Hlutverk útflutningssjóðs íslenskrar tónlistar er að styrkja íslenskt tónlistarfólk við að koma tónlist sinni til stærri áheyrendahóps, á stærri markaði og auka möguleika þess á velgengni utan Íslands.

2. gr.

### Tekjur

Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og eru tekjur hans:

- Árlegt framlag sem Alþingi ákveður í fjárlögum.
- Aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

3. gr.

### Kostnaður

Kostnaður af starfrækslu útflutningssjóðs íslenskrar tónlistar greiðist af tekjum sjóðsins skv. 2. gr.

4. gr.

### Stjórn

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til eins árs í senn. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) tilnefnir tvo fulltrúa og einn er skipaður án tilnefningar og er hann formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varaformaður skal skipaður úr hópi stjórnarmanna. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn útflutningssjóð íslenskrar tónlistar lengur en tvö samfelld starfstímabil.

5. gr.

### Úthlutun

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til einstaklinga, félaga og stofnana. Sjóðstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum að minnsta kosti einu sinni á ári á grundvelli úthlutunarreglna sem mennta- og menningarmálaráðherra samþykkir. Umsóknir skulu gerðar á eyðublöð sjóðsins. Styrkþegar skulu gera grein fyrir ráðstöfun styrkfjárins innan árs frá móttöku þess. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að tiltekin verkefni hafi forgang við úthlutun styrkja enda sé þess getið í auglýsingum.

Við mat á umsóknum er stjórninni heimilt að skipa fagrað til þess að vera til ráðgjafar og umsagnar um umsóknir.

6. gr.

### Styrktarverkefni

Heimilt er að veita styrki til tónleikaferða, þátttöku í erlendum tónlistarhátíðum, tengslamyndunar, þróunar verkefna og markaðssetningar svo og annarra verkefna sem tilgreind eru í úthlutunarreglum, sbr. 5. gr.

7. gr.

### Gildistími

Reglur þessar öðlast þegar gildi.